

Bækur og móðurmál

Erindi flutt á málþingi innflytjendaráðs og Félags- og tryggingamálaráðuneytis um framkvæmdaáætlun ríkisstjórnarinnar í málefnum innflytjenda 11. janúar 2008.

Efni þessa erindis er verkefnið **Bækur og móðurmál, og bókasöfn og innflytjendur**.

Bækur og móðurmál er verkefni sem Samtök forstöðumanna almenningsbókasafna ásamt Fræðslumiðstöð Reykjavíkur, Alþjóðahúsi, Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur, Alþjóðastofu á Akureyri og Fjölmenningarsetrinu á Vestfjörðum tóku þátt í. Samkomulag um samstarf til að koma til móts við móðurmálsparfir nemenda með annað móðurmál en íslensku á grunn- og framhaldsskólastigi með verkefninu Bækur og móðurmál sem gert var árið 2002 til þriggja ára.

21 almenningsbókasafn á Íslandi lýsti áhuga á að taka þátt í verkefninu og fengu flest þeirra úthlutað móðurmál til að sjá um. Verkefnið felur meðal annars í sér að safna, skrá og dreifa kennslubókum á erlendum málum til grunn- og framhaldsskólanema með annað móðurmál en íslensku sem búa víðs vegar um landið.

Tilgangurinn með að velja móðursöfn tungumála er sá að það er talið vænlegra til árangurs að söfn einbeiti sér að einu tungumáli í staðinn fyrir að eiga smá safnkost á mörgum tungumálum. Þá er frekar hægt að velja úr miklu úrvali safnkost og fá lánað í millisafnaláni milli safna.

Bæjar- og héraðsbókasafnið á Selfossi var valið móðursafn fyrir tungumálið pólsku í verkefninu. Bókasafnið er það stærsta á Suðurlandi og samkvæmt mannfjöldatölum árið 2002 hefur þótt við hæfi að móðursafn pólsku yrði á Suðurlandi.

Bókasafnið kaupir, skráir, gengur frá og lánar pólskar bækur til almennings- og skólabókasafna út um allt land ásamt því sem pólsk börn og fullorðnir geta komið í bókasafnið og fengið sér pólskar bækur að láni.

Á Bæjar- og héraðsbókasafninu á Selfossi er nú að finna á fjórða hundrað pólskara bóka; kennslubækur fyrir grunn- og framhaldsskóla og yndislestrarbækur fyrir börn og unglinga. (Þeir sem ekki kannast við það orð þá eru það skáldsögur) Nú fyrir skömmu bættust við yndislestrarbækur fyrir fullorðna. Einnig eru til nokkrir margmiðlunardiskar um lestur, stærðfræði, umferðarreglur, málfræði og dysleksíu. Bækurnar eru ekki enn skráðar í Gegni, landskerfi bókasafna, en stefnt er að ljúka skráningunni á næstu mánuðum. Útlán árið 2007 voru til 27 grunnskólabókasafna og 9 almenningsbókasafna um land allt, alls 529 útlán á pólskum kennslu og yndislestrarbókum.

Vinsælastar eru yndislestrarbækurnar og léttlestrarbækurnar fyrir grunnskólabörnin en það er ekki alveg það sem verkefnið bækur og móðurmál gekk út á í upphafi því þar var gert ráð fyrir að mest yrði safnað af kennslubókum fyrir grunn- og framhaldsskóla.

Grunnskólar allstaðar af landinu panta bækurnar með tölvupósti eftir að hafa skoðað bókalistan á heimasíðu Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Selfossi www.arborg.is/bokasafn Leikskólar hafa einnig fengið að láni bækur og pólsk börn á Selfossi hafa sjálf komið í bókasafnið og fengið lánaðar pólskar bækur. Fullorðnir, sérstaklega konur, hafa verið duglegar að koma og fá lánaðar þær bækur sem safnið keypti í haust fyrir fullorðna.

Það spyrst fljótt út meðal fólks ef eitthvað áhugavert er í boði og þjónustan góð. Stefnt er að því að kaupa áskrift af 1-2 tímaritum á pólsku á árinu, fréttatímariti sem kemur út vikulega og afþeyingartímariti eða öðru nafni glanstímariti en þetta ætti að höfða bæði til karla og kvenna. Hugmyndin kom upp þegar pólskir menn sem nýttu sér internetþjónustu bókasafnsins spurðu um hvort ekki væri hægt að kaupa tímarit. Pólsk- íslenskar og íslensk- pólskar orðabækur eru vinsælar bæði meðal pólverja og Íslendinga.

Nokkuð er til af pólskum yndislestrarbókum í Bæjarbókasafni Ölfuss, Bókasafni Reykjanesbæjar og Bókasafninu á Ísafirði en þar eru einnig nokkur einnig bækur á nokkrum öðrum austur-Evrópu og Asískum málum en það var einna

fyrsta safnið sem byrjaði að lána bækur á fleiri tungumálum en íslensku, ensku, norðurlangamálum og þýsku. Veit ég að það hefur verið góð samvinna milli Fjölmeningarsetursins á Vestfjörðum og bókasafnsins á Ísafirði.

Þær bækur sem fyrst bárust í safnið komu frá Fræðslumiðstöð Reykjavíkur. Einnig hefur Íslensk - Pólska vinafélagið á Íslandi fært safninu að gjöf alfræðirit og bækur um sögu og bókmenntir Póllands. Á meðan verkefninu stóð á tímabilinu 2002- 2005 kom peningur frá þeim sem að verkefninu stóðu til að kaupa nokkuð af bókum. Síðan þá hefur Bæjar- og héraðsbókasafnið borið allan kostnað af kaupum á bókum, af frágangi og plöstudun.

Strax í upphafi vorum við svo heppin að pólskur kennari í Kópavogi hefur verið mjög áhugasöm um verkefnið Bækur og móðurmál, kaup og söfnun á pólskum bókum. Hefur safnið fengið bækur frá henni sem hún hefur keypt í Póllandi þegar hún er á ferð þar og greitt henni svo fyrir kaupin. Sérstaklega er gott að hafa svo áhugasama manneskju með þekkingu bæði á málinu og ekki síður á kennsluferni til að aðstoða okkur við innkaupin. Nú í vor pantaði safnið mikið af pólskum yndislestrarbókum fyrir börn og fullorðna í gegnum bókaverslunina Nexus á Hverfisgötu en starfskona þar hefur reynst mjög hjálpleg við leit á netinu af yndislestrarbókum. Einnig hefur verið pantað af netinu en það er oft erfitt þegar maður skilur ekki málið og oft er ekki hægt að borga með íslensku krítarkorti. Í upphafi hélt hópurninn að sendiráð þeirra landa sem leitað væri til varðandi bækur mundu keppast við gefa bækur til verkefnisins en svo hefur ekki verið í neinu mæli.

- Staðan nú er sú að fulltrúar almenningsbókasafna, grunnskólasafna, skólasafnamiðstöðvar í Reykjavík, Alþjóðahúss og Fjölmeningasetra o.e.t.v. fleiri þurfa að setjast niður og ræða hvernig best er hægt að þjóna innflytjendum varðandi námsbækur og yndislestrarbækur á þeirra eigin móðurmáli.
- Staðan er að það er enginn sjóður til að leita í til bókakaupa fyrir bókasöfn sem skipuð hafa verið sem móðursöfn fyrir ákveðin tungumál. Engin aðstoð með skráningu bóka á tungumálum sem eru með ólík stafróf.
- Staðan er sú að líkar og ólíkar stofnanir á þessu sviði hafa ekki talað nógu mikið saman til að hægt sé að greiða úr þessum málum og veita stuðning þeim söfnum sem vilja vera móðursöfn eða miðstöðvar ákveðinna tungumála.
- Staðreyndin er sú að ef öll söfn byrja að safna öllum mögulegum tungumálum þá verður aldrei til almennilegur bókakostur.
- Á kannski bara að vera eitt bókasafn sem sérhæfir sig í öðrum tungumálum en íslensku, ensku og norðurlandamálunum eins og t.d. Internationella biblioteket í Stokkhólmi sem þjónar börnum og fullorðnum með millisafnalánnum til almennings og skólasafna og hefur upp á á bjóða safnkost á yfir 100 tungumálum.

En sum tungumál eru stærri á Íslandi en önnur og þar trónir efst Pólska. Því er ekki eðlilegt að aðeins eitt almenningsbókasafn sé móðursafn Pólsku og eigi að þjóna öllu landinu, bæði almennings, skóla- og framhaldsskólasöfnum og bera allan kostnað af innkaupum, frágangi og þjónustu eitt og sér. Ég hef lagt til að það eigi að vera eitt móðursafn fyrir pólsku í hverjum landshluta.

Það vantar sjóð eða framlög. Það kæmi líka jafnvel vel til greina að athuga hvort hægt væri að semja við Skólasafnamiðstöð Reykjavíkur um að taka að sér allar kennslubækur, skráningu á þeim og útlán til grunn- og framhaldsskólasafna út um allt land þótt Skólasafnamiðstöð eigi bara að þjóna grunnskólasöfnum í Reykjavík. Almenningsbókasöfnin gætu þá lagt áherslu á að safna yndislestrarbókum fyrir börn og fullorðna á ýmsum málum og lána þær í millisafnalánnum milli almenningsbókasafna.

Óskandi væri að ríkisvaldið sýndi þessu verkefni eða bara nauðsyn innkaupa á bókum fyrir innflytjendur skilning og stofnaði sjóð eða ákvæði framlög til að þau almenningsbókasöfn sem tóku þátt í verkefninu Bækur og móðurmál gætu haldið áfram á þessari braut og keypt bækur fyrir börn og unglunga af erlendum uppruna. Með því mundi ríkið styðja við þau lög sem það setur almenningsbókasöfnum og standa við þau stefnumið sem það hefur í menningar- og upplýsingamálum: að skapa öllum þegnum þessa lands JAFNAN aðgang að efni til afþeyingar og fróðleiks og við hæfi hvers og eins.

Almenningsbókasöfn eru mikilvæg í samfélagi nútímans varðandi aðgengi að menningu, fræðslu, afþeygingu og ekki síður til að stuðnings við lestraruppeldi sem virðist nokkuð misjafnt í dag. Mismunandi lestrarmenning í hverju landi og einnig hvort almenningsbókasöfn og notkun þeirra eru hluti af menningu viðkomandi lands. Almenningsbókasöfn eru hluti af íslenski menningu og þess vegna er gott að nýta þau til þjónustu við innflytjendur og beina þeim í söfnin. Sagt er að þegar maður er í útlöndum og fær heimþrá þá sé gott að koma í almenningsbókasafn því þau eru allstaðar eins, og manni líður eins og heima hjá sér, fyrir utan það að fá tækifæri til að kynna menningu viðkomandi lands í máli og myndum ásamt því að fá upplýsingar um ýmislegt sem þörf er á þegar maður er nýr í landinu og þekkir ekki á daglegt

líf þar.

Hvaða upplýsingar vilja útlendingar? Innflytjendur eða útlendingar sem búa til skamms tíma eða lengri tíma á Íslandi nýta sér Internetþjónustu bókasafna, til að skoða blöðin, nota póstinn, hringja, þanta flug, leita upplýsinga. Um leið komast þeir í samband við áveðinn upplýsingaheim t.d. á Selfossi eru upplýsingar um Suðurland, kort, bæklingar á ýmsum málum, bækur og myndir um Ísland og lífið í landinu, dagblöð, Grape Vine, blaðið eins og Fólki er flest frá Alþjóðahúsinu, auglýsingar um tungumálanámskeið, ókeypis tungumálanámskeið á geisladiskum, bækur sem bókaverðir vísa áhugasömum erlendum gestum á til að byrja að læra íslensku eins og t.d. fyrstu 500 orðin með myndum, starfsfólk sem er allt að vilja gert til að svara spurningum um hvert á að snúa sér í að fá upplýsingar eða þjónustu sem nýjir íbúar þessa lands þurfa á að halda en vita ekki alltaf hvernig eigi að nálgast. Einmana mömmur og börn þeirra, nýflutt á hið kalda og myrka ísaland, sem fá félagsskap og mannleg samskipti í bókasafninu. Héraðsbókasafn Rangæinga á Hvolsvelli hefur að eigin frumkvæði boðið erlendum starfsmönnum sem hafa verið að vinna í SS á Íslenskunámskeið í bókasafninu og hefur því verið vel tekið.

Félagsmálaráðuneytið, Alþjóðahús, Fjölmenningarsetur og fleiri stofnanir sem koma að innflytjendamálum og sem gefa út ýmislegt mikilvægt efni fyrir innflytjendur eiga að nýta sér almenningsbókasöfnin á Íslandi. Láta efni liggja þar frammi, auglýsa þau á heimasíðum sínum, hafa lista yfir hvaða bókasöfn eru móðurstöðvar hvaða tungumála og svo væri hægt að hafa kynningar á mannlífi og menningu ýmissa þjóða í bókasöfnunum í samstarfi við fjölmenningarsetrin eða aðra. Þar með eru bókasöfnin orðin staður þar sem allir vita að upplýsingar og aðstoð fæst alveg eins og verið hefur frá því að Lestrarfélög skutu fyrst rötum á Íslandi og urðu síðan bókasöfn – upplýsinga og menningarstofnanir til að uppfræða almenning. Almenningsbókasöfn eru fjölþjóðleg og opin, enda er safnkostur þeirra fjölþjóðlegur þótt stærstur hluti hans sé á íslensku.

Að lokum má nefna að það er verkefni í undirbúningi hjá Rauða krossinum á Suðurlandi um að láta nokkra bókakassa fyrir fullorðna með 5 algengustu „nýju“ tungumálunum á Suðurlandi ganga á milli bókasafna þar og kynna þessa þjónustu á stærstu vinnustöðum erlendra verkamanna á svæðinu.

Hver er staðan í dag: Fyrsta skrefið er að hittast á þessu málþingi í dag, annað skrefið er að tala saman og mynda tengsl og vinna svo saman að þessu mikilvæga máli að innflytjendur hafi jafnan aðgang að upplýsingum og lesefni og aðrir þegnar þessa lands.

Ég þakka fyrir tækifærið að fá að koma hingað í dag, koma reynslu minni og hugmyndum á framfæri, fá að hlusta á aðra fjalla um upplýsingamiðlun til innflytjenda og taka þátt í umræðum sem vonandi skila einhverju til framtíðar í þessu máli.

Takk fyrir

Margrét I. Ásgeirsdóttir

Forstöðumaður Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Selfossi